

1974

Þriðjudaginn 16. desember 1980.

Nr. 2/1979. **Hans Kristinsson**
 (Tómas Gunnarsson hrl.)
 gegn
 Gunnari Einarssyni
 (Stefán Pálsson hrl.).

Uppboð. Skuldabréf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. janúar 1979. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og hið umbeðna uppboð á íbúð á 2. hæð til hægri að Safamýri 56 í Reykjavík látið fram fara á ábyrgð áfrýj-anda. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-rétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Af þeim kemur m. a. fram, að afborganir og vextir af veðskuldabréf-um þeim, sem um er fjallað í máli þessu og greiða átti 1. mars 1979 og 1. mars 1980, voru greiddar inn á geymslureikning í Landsbankanum hinn 1. mars 1979 og 3. mars 1980. Þá kemur fram, að stefndi hefur selt hina veðsettu íbúð. Var afsal dagsett 18. júní 1979 og því þinglýst 27. s. m.

Áfrýjandi telur, að framangreindar greiðslur á geymslu-reikningi í Landsbankanum hafi verið haldnar ýmsum ann-mörkum. Úr því verður ekki skorið í þessu máli, hvort svo hafi verið, þar sem greiðslur þessar voru inntar af hendi eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar.

Áfrýjandi beindi kröfu sinni um uppboð réttilega að stefnda, sem var eigandi íbúðar þeirrar, sem hann krafðist uppboðs á. Stefndi var enn þinglýstur eigandi íbúðarinnar, þegar áfrýjunarstefna var gefin út. Verður ekki talið, að

máli skipti við endurskoðun hins áfrýjaða úrskurðar, þótt stefndi hafi nú afsalað íbúðinni, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 54. gr. laga nr. 85/1936.

Veðskuldabréf þau, sem í málinu greinir, eru handhafa-bréf. Afborgana og vaxta átti því að vitja til stefnda. Samkvæmt venju, sem telja verður alþekkt, gat áfrýjandi þó með hæfilegum fyrirvara mælt fyrir um það, að stefndi innti greiðslurnar af hendi í þeim bönkum, sem áfrýjandi telur sig hafa falið skuldabréfin til varðveislu og innheimtu. Ósannað er, að áfrýjandi hafi krafið stefnda þess, að greiðsla yrði reidd þar af hendi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hans Kristinsson, greiði stefnda, Gunnari Einarssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar P. Torfasonar
og Sigurgeirs Jónssonar.**

Við teljum, að heimilt sé í þessu hæstaréttarmáli að leggja dóm á það, hvort eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar hafi orðið vanskil af hendi stefnda, sem sjálfstætt eða ásamt öðru renni stöðum undir kröfu hans um uppboð. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annari niðurstöðu um þetta atriði, er ekki ástæða til, að við tökum afstöðu til krafna áfrýjanda að því leyti sem þær eru studdar þessum rökum.

Með þessari athugasemd erum við samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 8. desember 1978.

Gerðarbeiðandi, Hans Kristinsson, Akraseli 34 hér í borg, hefur krafist þess, að 4ra herbergja íbúð á 2. hæð til hægri m. m. í húsinu nr. 56 við Safamýri, þinglýst eign Gunnars Einarssonar, Engjavegi 59 á Selfossi, verði seld á nauðungaruppboði til lúkn-ingar veðskuldum á þessa leið: Kr. 277.468, sem eru vextir frá 1. mars 1977 til 1. mars 1978, 2.312.226 kr., 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 607.788 frá 1. mars 1978 til 5. apríl 1978, 12% ársvöxtum af kr. 1.981.906 frá 1. mars 1978 til 29. mars 1978, 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 1.981.906 frá 29. mars 1978 til greiðsludags, innheimtulaun-um og kostnaði við uppboðið, en að frá dregnum kr. 659.253.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða málskostnað vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um uppboðið. Hann krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til þess að greiða sér málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 6. þessa mánaðar.

Í máli þessu liggja fyrir 4 veðskuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 660.636.25, gefin út til handhafa þann 21. júní 1976 af Gunnari Einarssyni, Hamrahlíð 25, og meðundirrituð af Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Skuldirnar skal greiða með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta skipti þann 1. mars 1977, ásamt 12% ársvöxtum, sem reiknast frá 1. mars 1976. Til tryggingar skuldun-um er veðsett með samhliða 4. veðrétti 4ra herbergja íbúð á 2. hæð t. h. í húsinu nr. 56 við Safamýri ásamt því, er þeim eignarhluta fylgir. Tíðkanleg ákvæði eru í bréfunum um, að verði ekki staðið í skilum með afborganir og vexti, séu skuldirnar í gjalddaga fallnar án fyrirvara og megi þá sem endranær á gjalddaga taka veðið fjárnámi án dóms eða selja á uppboði án dóms eða aðfarar skv. 1. gr. laga 57/1949.

Bréf þessi eru undirrituð í tveggja votta viðurvist, og þeim er athugasemdalaust þinglýst þann 23. júní 1976. Hvert þeirra ber áritun um greidda afborgun, kr. 82.580, og vexti, kr. 79.277, hvort tveggja þann 4. mars 1977, og um að eftirstöðvar hvers bréfanna séu þá kr. 578.056.

Það liggur fyrir, að í nóvember 1976 hefur Gunnar Magnús Einarsson flutt heimilisfang sitt frá Hamrahlíð 25 að Engjavegi 59 á Selfossi, sbr. þjóðskrárvottorð, rskj. 16.

Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður ritar gerðarpóla, Gunnari Einarssyni, bréf þann 29. mars 1978 og kveðst hafa ofanefnd veðskuldabréf með höndum. Tvö þeirra hafi undanfarið verið til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands og tvö í Landsbanka Íslands og hafi gerðarpóli látið undan fallast að greiða umsamdar afborganir og vexti þann 1. mars þrátt fyrir ítrekaðar kröfur bankanna. Er nú krafist tafarlausrar greiðslu á hinum gjaldföllnu kr. 607.788 ásamt 3% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. mars 1978 til greiðsludags og innheimtulaunum, kr. 60.314. Enn fremur segir í bréfi þessu, að ákveðið hafi verið að gjaldfella allar eftirstöðvar veðskuldanna, og er skorað á gerðarpóla að ganga til samninga um greiðslu þeirra. Er gerðarpóla settur frestur til 10. apríl til þess að greiða eða semja um greiðslu þessara fjárhæða. Sjá hér rskj. 13.

Gerðarpóli svarar bréfi þessu þann 5. apríl. Hann segist engar tilkynningar hafa fengið um verustað veðskuldabréfanna fyrri en með bréfinu á rskj. 13 og kveðst senda kr. 607.786 til greiðslu afborgana og vaxta, kr. 36.467 í dráttarvexti og kr. 15.000 í ómakslaun lögmanns. Mótmælt er eindögum eftirstöðva veðskuldanna. Bréf þetta er lagt fram sem rskj. 14 í máli þessu, og hefur Tómas Gunnarsson ritað á skjalið: „Samhljóða frumrit og ávísun móttekið í dag sem uppgreiðslu. Reykjavík, 5. apríl 1978“, og ritað nafn sitt undir.

Hann áréttar síðan eindögum veðskuldanna í bréfi til gerðarpóla þann 26. apríl 1978 og getur þess, að sú greiðsla, er fram fór þann 5. sama mánaðar, hafi verið ónóg að því er viðkom greiðslu lögmannskostnaðar. Er enn skorað á gerðarpóla að greiða eftirstöðvar veðskuldanna, svo komist verði hjá uppboði, og gerðarpóla gefinn frestur til þeirra hluta til 10. maí.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 7. júlí 1978. Gerðarpóla er á tíðkanlegan hátt tilkynnt um framkomna uppboðsbeiðni 29. ágúst, auglýsing send til birtingar þann 14. september og birtist í 72., 75. og 79. tbl. Lögbirtingablaðsins 1978. Var uppboðið tekið fyrir á skrifstofu uppboðsréttarins þann 16. nóvember sl. og þá frestað til 18. desember.

Með bréfi sínu til uppboðshaldara, dags. 16. nóv. sl., mótmælti Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður því f. h. gerðarpóla, að uppboð næði fram að ganga. Var uppboð tekið fyrir þann 21. sama mánaðar og þá ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál skyldi rekið um framkominn ágreining. Er það mál hér til úrskurðar.

Málsútlitun gerðarbeiðanda byggir á því, að gerðarpóli hafi

gerst sekur um svo veruleg vanskil, að réttlæti fyllilega eindögun veðskuldanna og eftirfarandi uppboð. Hér sé um að ræða handhafabréf og þau hafi verið í innheimtu í bönkum hér í borg, tvö í Landsbanka Íslands, tvö í Búnaðarbanka Íslands. Gerðarþoli hafi greitt skilvíslega það, sem honum bar þann 1. mars 1977, og er leið að gjalddaga 1978 hafi hann þannig haft að vísu að ganga um greiðslustað, eða a. m. k. hefði hann þá getað fengið allar upplýsingar um breytta handhöfn með því að leita til banka þessara. En nú hafi brugðið svo við, að gerðarþoli hafi látið undan fallast að greiða þrátt fyrir kröfur banka. Nánast um miðjan mars hafi gerðarbeiðandi komið í bankana til að grennslast fyrir um greiðslur, en er allt sat við sama, hafi hann óskað þess, að tilkynningar yrðu ítrekaðar, og er engin greiðsla hafði borist þann 29. mars, hafi hann tekið bréfin til innheimtuaðgerða. Nú hafi gerðarþola verið tilkynnt um eindögun allra eftirstöðva veðskuldanna, svo sem að framan er lýst. Það sé að vísu trúlegt, að bankarnir hafi tilkynnt gerðarþola um handhöfn til þess heimilisfangs, sem skuldabréfin greina, að því er Búnaðarbankanum viðkom, eða að Safamýri 56, að því er Landsbankanum viðkom, sbr. vottorð þess banka á rskj. 21. Megi þannig vera, að þær hafi ekki borist honum, enda þótt hann muni oft hafa vitjað póstsendinga til sín á síðarnefnda staðinn. En allt slíkt hljóti að vera á ábyrgð gerðarþola sjálfs, hann hafi áður borgað afborganir og vexti af skuldunum í nefndum bönkum, hafi því mátt vita, að bréfin mundu vera þar til innheimtu og hafi því borið að eiga upptök að því að láta bankana vita um aðseturskiptin.

Því er mótmælt af gerðarþola hálfu, að um nokkurn uppboðsgrundvöll sé að ræða. Veðskuldabréfin séu gefin út til handhafa og nefni ekki greiðslustað, þar af leiðandi sé gjalddagi ekki kominn, fyrr en handhafi segi til sín á heimili greiðanda. Er mótmælt, að gerðarþoli hafi nokkuð vitað um handhafa eða mátt vita, fyrr en honum barst bréfið á rskj. 13, en þá hafi hann þegar í stað brugðið við og borgað allt, er honum bar, og auk þess utan skyldu dráttarvexti og lögmanskostnað. Í þessu sambandi skipti engu máli, þótt gerðarþoli hafi áður greitt af skuldabréfunum í hinum tilteknu bönkum, og að sjálfsögðu hafi hann gert skyldu sína með því að tilkynna aðsetursskipti til þjóðskrár, það hafi þá verið handhafa bréfanna að leita þangað um upplýsingar, ef honum sýndist.

Þar eð hér er um handhafabréf að ræða, hafði gerðarþoli ekki

skyldu til að greiða, fyrr en handhafi sagði til sín. Gegn mót-mælum gerðarþola er ekki sannað, að hann hafi vitað eða mátt vita um handhöfn veðskuldabréfanna, fyrr en bréf lögmanns gerðarbeiðanda, dagsett 29. mars 1978, var komið til hans, en þá greiddi gerðarþoli strax hinar áföllnu afborganir og vexti. Verður því að telja, að yfirlýsing gerðarbeiðanda um eindögun allra veðskuldanna hafi verið staðlaus svo og hin síðar fram komna uppboðsbeiðni á þeim grundvelli.

Er synjað um framgang uppboðs, og verður málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu lagður á gerðarbeiðanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð nær ekki fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Hans Kristinsson, Akraseli 34, greiði gerðarþola, Gunnari Einarssyni, Engjavegi 59, kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. desember 1980.

Nr. 245/1980. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þórmarr, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 16. s. m. Greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnar-